Námsáætlun 1. bekkur

Smáraskóli

Samfélagsfræði

Tímar á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag.

Leiðir: Verkefnin eru ýmist unnin í hópum eða sem einstaklingsverkefni, með umræðum, í gegnum leik, myndsköpun og texta. Ýmsar vettvangsferðir eru farnar í tengslum við viðfangsefnin. Unnið er með tengsl þess raunverulega og þess sem gerist í sögum og ævintýrum. Umræður og vinna um mannleg samskipti s.s. tilfinningar, samvinnu, leikreglur, tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi.

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Nemendur geta: **Reynsluheimur** - borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi, - gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni, - áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna, - varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu, **Hugarheimur** - sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum, - bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir	Ævintýrin, líkaminn, árstíðirnar og húsdýrin. Nemendur hlusta, horfa og lesa alls kyns ævintýri. Þau semja sín eigin ævintýri, bæði í hóp og ein. Kynnast mismunandi sögupersónum og söguþráðum.	Alls kyns ævintýri lesin, hlustað á og horft. Komdu og skoðaðu líkamann. Alls kyns bækur um líkamann og myndbönd. Bækur um árstíðirnar, myndir og myndbönd. Bókin: Hani, krummi, hundur, svín…, forrit frá mms.is, ýmis verkefnablöð.	Sjá í námslotum inni í Mentor, nemendur fá lokið/ ólokið eftir því hvort þau voru viðstödd þemavinnu.

sjálfan sig, - áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði, - gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti, **Félagsheimur** - áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum, - áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum, - áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna, - sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi.	Nemendur læra um sig sjálf, líkama sinn og fjölskylduna. Þeir læra um árstíðirnar, hvernig náttúran breytist og hvað gerist hjá dýrunum og okkur mannfólkinu eftir árstíðum. Nemendur læra um íslensku húsdýrin, híbýli þeirra, fæðu og afurðir.		

Grunnþættir menntunar.

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi:	afli sér og nýti vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
Sjálfbærni:	læri að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og

	ágreiningsefnum bæði með ritun og framsögn.
Heilbrigði og velferð:	sýni frumkvæði og öðlist sterka sjálfsmynd. - sýni samkennd og góð samskipti sín á milli.
Lýðræði og mannréttindi:	læri að bera virðingu fyrir öllum trúarbrögðum.
Jafnrétti:	fái þjálfun í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafngildi og kjarki til að fylgja sannfæringu sinni. - geti sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi.
Sköpun:	leiti lausna við vinnu sína. - beiti ímyndunarafli og fái tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt.